# 61. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18, 8. maí 2017 og hófst hann kl. 14:30

**Fundinn sátu:**
Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Jóhannes K. Guðjónsson áheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi, Sindri Birgisson garðyrkjustjóri og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

**Fyrir tekið:**

1. **1704148 - Birkiskógar 2, Grendarkynning v. endurnýjunar byggingarleyfis**

   *Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að grendarkynna breytingu heimilaðs nýtingarhlutfalls úr 0,35 í 0,37 sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr 123/2010 m.s.br.*

   *Grendarkynningin nær til núsa nr. 1, 4 og 3 við Birkiskóga, húsa nr. 19 og 20 við Álmskóga og húss nr. 2 við Beykiskóga.*

2. **1609104 - Æðaroddi 36 - umsókn um stækkun lóðar**

   Æðaroddi - Tillaga að breytingu á deiliskipulagi.

   *Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillaga að breytingu á deiliskipulagi verði auglýst samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

3. **1702037 - Styrkir til viðhalds fasteigna - 2017**

   Farið yfir styrkumsóknir.

   *Byggingarfulltrúa falið fyrir næsta fund að koma með tillögur um styrkveitingar.*

4. **1704113 - Laun Vinnuskóla Akraness 2017**

   Einar Skúlason rekstrarstjóri Vinnuskólans mætir á fundinn.

   *Rekstrarstjóri vinnuskóla lagði fram tillögu að tímatöxtum 14, 15 og 16 ára unglinga í vinnuskólanum fyrir starfsárið 2017.*

   *Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirliggjandi tillögu.*

5. **1705021 - Sláttur á opnum svæðum - framlenging á samningi**

   Erindi Gísla Jónssonar þar sem óskað er eftir að Akraneskaupstaður framlengi samning um slátt á opnum svæðum við fyrirtækið Gísli Jónsson ehf.

   *Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að koma með tilögu um málið fyrir næsta fund ráðsins.*

EB

6. **1702157 - Listamannahús - stöðuleyfi**

Fyrirspurn um stöðuleyfi fyrir listamannahús við Breið.

*Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í erindið og felur byggingarfulltrúa að skoða með umsækjanda heppilegt svæði undir listamannahús. Stöðuleyfi verði ekki veitt til lengri tíma en eins árs.*

7. **1703209 - Sorphirða á Akranesi - útboð 2017**

*Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að auglýsa útboð um sorphirðu á grunni fyrirliggjandi útboðsgagna.*

8. **1703203 - Deilisk. Stofnanareitur - Vesturgata 120 - 130 breyting**

*Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að skipuleggja opinn íbúafund þar sem tillaga að breytingum á deiliskipulagi verður kynnt.*

9. **1704024 - Deilisk.br. - Skógarhverfi I og II**

*Skipulags- og umhverfisráð felur sviðssjóra að gera tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Skógarhverfi I og II á grunni fyrirliggjandi gagna skipulagshöfundar um breytingar.*

10. **1603057 - Starfshópur um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi**

*Sviðsstjóri fór yfir stöðu málsins.*

11. **1609093 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2017**

*Sviðsstjóri fór yfir stöðu framkvæmda Akraneskaupstaðar á árínu 2017.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:30.**

Einar Brandsson
Valgarður L. J.
Rakel Óskarsdóttir
Jóhannes Karl Guðjónsson
Kristín Sigurgeirsdóttir
Stefán Þ. [illegible]
Sindri Birgisson
Sig. Þ. Þ.
Hafdís Sig. - rit